

26.2 Hæfniviðmið í upplýsinga- og tæknimennt

Hæfniviðmiðin eru sett fram í fimm flokkum. Þó að viðmiðin séu flokkuð á þennan hátt, er mikilvægt að líta á þau sem heild. Þegar sjónum er beint sérstaklega að einu viðmiði þarf að hafa í huga að nám er samfelld ferli og skapandi athöfn, fremur en söfnun afmarkaðrar þekkingar og þjálfun í tiltekinni leikni. Skilgreining hæfniviðmiðanna er þannig:

Vinnulag og vinnubrögð

Við lok 4. bekkjar getur nemandi:	Við lok 7. bekkjar getur nemandi:	Við lok 10. bekkjar getur nemandi:
<ul style="list-style-type: none"> • nýtt upplýsingaver sér til gagns og ánægju, s.s. til lesturs, hlustunar og leitarnáms, • nýtt rafrænt námsefni á einföldu formi til stuðnings við vinnutækni og vinnulag, • sýnt frumkvæði og tekið þátt í samvinnuverkefnum undir leiðsögn, • gert sér grein fyrir ólíkum aðferðum við notkun á ýmsum tæknibúnaði, • beitt undirstöðuatriðum í fingrasetningum. 	<ul style="list-style-type: none"> • nýtt upplýsingaver sér til gagns bæði í stýrðu námi og á eigin forsendum, • nýtt rafrænt námsefni á ýmsu formi í tengslum við vinnutækni, vinnulag og annað nám, • sýnt sjálfstæði í vinnubrögðum undir leiðsögn og í samvinnu með öðrum, • nýtt sér mismunandi tæknibúnað á hagkvæman og fjölbreyttan hátt, • beitt réttri fingrasetningu. 	<ul style="list-style-type: none"> • nýtt upplýsingaverið á fjölbreyttan hátt til þekkingaröflunar og miðlunar, • unnið sjálfstætt og tekið ábyrgð á eigin námsframvindu, • unnið á skapandi og gagnrýnnan hátt, sjálfstætt og með öðrum, • nýtt sér til fullnustu möguleika margvislegs tæknibúnaðar á hagkvæman og markvissan hátt, • beitt réttri fingrasetningu.

Upplýsingaöflun og úrvinnsla

Við lok 4. bekkjar getur nemandi:	Við lok 7. bekkjar getur nemandi:	Við lok 10. bekkjar getur nemandi:
<ul style="list-style-type: none"> leitað upplýsinga og nýtt við verkefnavinnu, nýtt rafrænt og gagnvirkt námsefni, unnið með heimildir, nýtt upplýsingatækni og forrit við uppbyggingu einfaldra verkefna, nýtt hugbúnað/forrit við framsetningu á einföldum tölulegum gögnum. 	<ul style="list-style-type: none"> nýtt fjölbreyttar leiðir og leitarvélur við markvissa öflun upplýsinga við hæfi, nýtt rafrænt og gagnvirkt námsefni á fjölbreyttan hátt, verið gagnrýnninn á gæði ýmissa upplýsinga, unnið með heimildir og sett fram einfalda heimildaskrá, nýtt hugbúnað og forrit við einfalda uppbyggingu og uppsetningu ritsmíða, nýtt hugbúnað/forrit við einfalda framsetningu á tölulegum gögnum. 	<ul style="list-style-type: none"> nýtt hugbúnað/forrit og önnur gögn við upplýsingaleit, nýtt efni á margvíslegu formi og rafrænan stuðning, s.s. ítarefni, efni úr fjölmiðlum, orðabækur, veforðasöfn, leiðréttingarforrit, tungumálaforrit og leitarforrit og umgengist þau af gagnrýni, beitt gagnrýnni hugsun við að veða og meta upplýsingar með tilliti til gæða og efnismeðferðar þeirra, unnið með heimildir, virt síðferði í heimildavinnu og sett fram heimildaskrá samkvæmt viðurkenndum aðferðum, nýtt hugbúnað og forrit við uppsetningu ritgerða og ritsmíða samkvæmt viðmiðum um uppsetningu og frágang, nýtt hugbúnað/forrit við framsetningu á tölulegum gögnum.

Tækni og búnaður

Við lok 4. bekkjar getur nemandi:	Við lok 7. bekkjar getur nemandi:	Við lok 10. bekkjar getur nemandi:
<ul style="list-style-type: none"> notað hugbúnað/forrit við einföld ritunarverkefni og framsetningu tölulegra gagna, notað einfaldan hugbúnað/forrit við myndvinnslu, nýtt hugbúnað við einfalda vefsíð. 	<ul style="list-style-type: none"> nýtt hugbúnað/forrit við gerð ritunarverkefna og framsetningu tölulegra gagna, nýtt hugbúnað/forrit við myndvinnslu, gerð stuttmynda og hljóð- og tónvinnslu, nýtt hugbúnað/forrit við vefsíðar. 	<ul style="list-style-type: none"> nýtt hugbúnað/forrit við flókna framsetningu ritunarverkefna og tölulegra gagna, nýtt hugbúnað/forrit við myndvinnslu, hljóðvinnslu og gerð myndbanda, nýtt hugbúnað/forrit við fjölbreyttar vefsíðar

Sköpun og miðlun

Við lok 4. bekkjar getur nemandi:	Við lok 7. bekkjar getur nemandi:	Við lok 10. bekkjar getur nemandi:
<ul style="list-style-type: none"> • lýst á einfaldan hátt eigið upplýsinga- og miðlalæsi, • notað hugbúnað/forrit við miðlun þekkingar á einfaldan hátt. 	<ul style="list-style-type: none"> • rætt og útskýrt á gagnrýninn hátt eigið upplýsinga- og miðlalæsi, • nýtt hugbúnað/forrit við miðlun þekkingar á skapandi og skýran hátt. 	<ul style="list-style-type: none"> • útskýrt einfaldan hugbúnað, eðli og uppbyggingu tölvu, • nýtt hugbúnað við forritun og miðlun þekkingar á fjölbreyttan og skapandi hátt.

Siðferði og öryggismál

Við lok 4. bekkjar getur nemandi:	Við lok 7. bekkjar getur nemandi:	Við lok 10. bekkjar getur nemandi:
<ul style="list-style-type: none"> • sýnt ábyrgð í meðferð upplýsinga, • farið eftir einföldum reglum um ábyrga netnotkun og er meðvitaður um siðferðislegt gildi þeirra. 	<ul style="list-style-type: none"> • sýnt ábyrgð í meðferð upplýsinga og við heimildavinnu, • farið eftir reglum um ábyrga netnotkun, er meðvitaður um siðferðislegt gildi þeirra og tekur ábyrgð á eigin samskiptum og gögnum á Neti- og netmiðlum. 	<ul style="list-style-type: none"> • sýnt ábyrgð við meðferð og dreifingu upplýsinga hvort sem er til persónulegra nota eða heimilda- og verkefnavinnu, • nýtt rafrænar leiðir og samskiptamiðla af ábyrgð, unnið í samræmi við reglur um ábyrga netnotkun og er meðvitaður um eigin siðferðislega ábyrgð

26.3 Kennsluhættir og námsmat í upplýsinga – og tæknimennt

Í upplýsinga- og tæknimennt er unnið með upplýsinga- og miðlalæsi, sem þverfaglegt námssvið. Unnin eru raunhæf verkefni sem samþættast sem flestum námsgreinum og námssviðum. Áhersla er lögð á að kynna nemendum tækni og aðferðir við öflun, úrvinnslu, sköpun og miðlun upplýsinga í tengslum við annað nám.

Upplýsingaver styður þessa þætti og gegnir þannig lykilhlutverki við að efla upplýsinga- og tæknilæsi, stuðla að fjölbreytni í kennsluháttum og bæta aðgengi allra að námi við hæfi. Þar fá nemendur þjálfun í sjálfstæðum vinnubrögðum, læra að afla sér þekkingar, vega hana og meta, skapa nýja ,umbreyta og miðla henni á fjölbreyttan hátt. Hugtakið upplýsingaver er þekkt í skólakerfinu en einnig undir öðrum heitum, svo sem þekkingar- eða gagnasmiðja, skólasafn og fleira. Í upplýsingaveri er gert ráð fyrir samvinnu kennara og annars fagfólks á sviði upplýsinga- og samskiptatækni og læsis. Til að nemendur